

EFTIRLITSSKÝRSLA

Vestmannaeyjabær Búastaðagryfja



Dags eftirlits	17.11.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Vestmannaeyjabær	Eftirlitsmaður	Halla Margrét Viðarsdóttir
Heimili	Eldfellsvegur	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6902690159	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Brynjar Ólafsson	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	437434,084 326685,344

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram við eftirlit er varða skil á skráningum vegna ársins 2024 og starfsemi án starfsleyfis.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með aflögðum urðunarstað Vestmannaeyjabæjar í Búastaðagryfju. Vettvangsferð var farin fyrr á árinu 2025.

Fyrirmæli um frágang og vöktun urðunarstaðar Vestmannaeyjabæjar í Búastaðagryfju tóku gildi þann 26. mars 2014. Fullnægjandi gögn varðandi urðunarstaðinn, sbr. gr. 1.7 í fyrirmælum um frágang og vöktun og 19. gr. laga nr. 55/2003, hafa ekki enn borist frá sveitafélaginu og er það frávik.

Í eftirlitsferðum Umhverfis- og orkustofnunar hefur komið fram að í Búastaðagryfju er urðaður úrgangur en ekki efni sem getur fallið undir að vera til landmótunar. Urðun úrgangs er starfsleyfisskyld starfsemi hjá Umhverfis- og orkustofnun, ekki er fyrir hendi starfsleyfi til urðunar í Búastaðagryfju og því um að ræða starfsemi án starfsleyfis.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

gr. 1.7 í fyrirmælum um frágang og vöktun

Rekstraraðili skal skrá upplýsingar, sbr. lista í gr. 1.7, og skila niðurstöðunum fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Rekstraraðili hefur ekki skilað skráningum vegna ársins 2024.

6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti Allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I, II og IV, skal hafa gilt starfsleyfi sem og mengunarvarnir

Umhverfis- og orkustofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út. Í Búastaðagryfju er rekinn urðunarstaður án starfsleyfis, en slíkt er starfsleyfisskylt hjá Umhverfis- og orkustofnun.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 19.12.2025

Sigríður Magnúsdóttir

Sigríður Magnúsdóttir